

Lagt fyrir fund velferðarráðs 16. september 2026

Ályktunartillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins, Viðreisnar, Vinstreisins og Framsóknarflokksins um endurskoðun áforma um að fella niður árlegt viðbótarframlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna innleiðingar vegna innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

Fulltrúar Viðreisnar, Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins, Vinstreisins og Miðflokksins í velferðarráði Reykjavíkurborgar skora á ríkisstjórn Íslands og Alþingi að endurskoða áform um að fella niður 1,1 milljarðs króna árlegt viðbótarframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Sú staðreynd að fimm ár séu liðin frá gildistöku laganna þýðir ekki að innleiðingu þeirra sé lokið. Þvert á móti komst Ríkisendurskoðun að þeirri niðurstöðu í júní 2026 að innleiðingu og framkvæmd laganna hefði að ýmsu leyti verið ábótavant og að ekki væru enn fyrir hendi fullnægjandi forsendur til að ná meginmarkmiði þeirra um samþætta, samfellda og viðeigandi þjónustu við börn og fjölskyldur. Enn skortir úrræði, bið eftir þjónustu er víða löng og innleiðingu samþættrar þjónustu fyrir börn með hvað mestar og flóknastar þarfir er ekki lokið. Í ofanálag er kostnaður vegna 3. stigs þjónustu við börn með fjölþættan vanda að falla á sveitarfélögin þrátt fyrir samkomulag frá 2025 um að ábyrgð á málaflokknum færðist yfir til ríkis. Því er staða barnanna sem eru í mestum vanda nær óbreytt. Þá liggja hvorki fyrir fullnægjandi árangursmælikvarðar né skýr mynd af fjárþörf til framtíðar. Fulltrúarnir telja því ótímabært að draga fjármögnun til baka. Innleiðing farsældarlaganna er umfangsmikið breytingaverkefni sem krefst áframhaldandi stuðnings, samhæfingar og fjármögnunar. Verði framlagið felld niður án þess að annað varanlegt fjármagn komi í staðinn mun kostnaður færast yfir á sveitarfélögin og sú uppbygging sem þegar hefur átt sér stað veikjast. Fulltrúarnir leggja áherslu á að tryggt verði endurmat á kostnaði vegna farsældarlaganna svo ekki endurtaki sig sú atburðarás sem varð við yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk til sveitarfélaga, þar sem endurmati á kostnaði fylgdi ekki nægilegt fjármagn. Tímamörk fjárveitingar mega ekki ráða för þegar verkefninu sjálfu er ólokið. Fulltrúarnir fara því fram á að 1,1 milljarðs króna framlaginu verði áfram viðhaldið þar til fyrir liggur heildstætt mat á innleiðingu laganna, raunverulegum kostnaði sveitarfélaga og þeirri varanlegu fjármögnun sem nauðsynleg er til að markmið farsældarlaganna náist.